

Að duga eða drepast



„Strákarnir okkar“ verða að vinna Serba í kvöld til þess að eiga öruggt sæti í milliriðli á EM í handbolta sem fram fer í Króatíu. Fjölmiðlar hittu landsliðsmennina á hóteli þeirra, Le Meridien, í Split í gær, þar sem vel fer um þá. Ólafur Andrés Guðmundsson, Arnór Þór Gunnarsson, Björgvin Páll Gústavsson, og Rúnar Kárason drukkðu í sig sólskinið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Krafist verði sakfellingar í Geirfinnsmáli

DÓMSMÁL Sonur Sævars Ciesielski óttast sýndarréttarhöld þegar Guðmundar- og Geirfinnsmál verða endurupptekin.

Hann vill að ákærvaldið geri kröfu um sakfellingu í málinu og beiti sér fyrir staðfestingu á þeim dómi sem féll árið 1980; annars verði enginn ágreiningur og ekkert uppgjör. Hann telur hins vegar litlar líkur á því. „Í staðinn mun ákærvaldið fara fram á sýknu, því þá þarf ekki að skoda eitt eða neitt,“ skrifar Hafþór Sævarsson, sonur Sævars, í aðsendri grein. – **aa / sjá síðu 32**

Spítalinn sýður allt neysluvatn

UMHVERFISMÁL Neysluvatn verður soðið fyrir allar deildir Landspítalans vegna viðvörunar Heilbrigðiseftirlitsins um jarðvegsbakteríur í neysluvatni í Reykjavík.

Þetta er í fyrsta sinn sem til þessarar ráðstöfunar er gripið á Landspítalanum.

Upplýsingafulltrúi Veitna segir Reykvikinga ekki þurfa að óttast vatnsskort. Fulltrúi Heilbrigðiseftirlitsins segir hættuna ekki mikla og viðvörunin sé eingöngu varúðarráðstöfun. – **aa / sjá bls. 4**

Áforma aftur lokun á ólöglegu leiguhúsnæði

Slökkviliðið ætlar að loka ósamþykktu leiguhúsnæði um mánaðamótin en síðast var gripið til aðgerða vegna hússins í nóvember fyrir rúmu ári. Slökkviliðsmanni barst hótun vegna aðgerðanna en eigandinn ber af sér allar sakir.

BRUNAVARNIR Ef eigandi iðnaðarhúsnæðis við Köllunarklettsveg 4 í Reykjavík verður ekki búinn að rýma eignina um mánaðamótin verður húsnæðinu lokað. Samkvæmt slökkviliðinu er búið í ósamþykktu húsinu en því vísar eigandi hússins á bug. Yfirmaður forvarna hjá slökkviliðinu telur að búseta í ósamþykktu leiguhúsnæði hafi færst í aukana.

Í lok nóvember 2016 mætti lögregla og slökkvilið á vettvang til að innsigla húsið, vegna skorts á brunavörnum. Til þess kom ekki því á síðasta degi var húsið tæmt, samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu. Að sögn hefur eigandi hússins, Sverrir Einar Eiríksson, ekki gert úrbætur á því. Í húsinu skortir brunahólf og flóttaleiðir auk þess sem það sé að hluta byggt úr timbri.

Samkvæmt heimildum hafði Sverrir í hótunum við slökkviliðsmann á fyrri stigum málsins. „Það er ekkert sem við viljum hafa að aðalatriði í málinu,“ segir Jón Viðar



Jón Viðar Matthiasson.

Matthiasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins, um málið en Sverrir mun hafa hótad manninum og fjölskyldu hans með óbeinum hætti árið 2016. Sverrir hafnar þeim ásökunum alfarið í samtali við Fréttablaðið. Hann hafi „aldrei nokkurn tímann“ hótad slökkviliðsmanni vegna málsins.

Jón Viðar segir að ákveðið stuðningskerfi innan slökkviliðsins sé virkjað þegar hótanir berast. „Við erum að lenda í þessu í öðrum verkefnum þegar við snumum folki við erfiðar aðstæður. Fólk er stundum ekki alveg sjálfrátt,“ segir hann. Stundum séu hlutir sagðir í hita leiksins. Hann telur að það hafi átt við í þessu tilfalli. Aðspurður segir

hann að málið hafi ekki verið tilkynnt til lögreglu. Engin dæmi séu um slík tilfalli.

Jón Viðar segir að slökkviliðinu sé ekki kunnugt um að úrbætur hafi verið gerðar á eldvörnum frá því að loka átti húsinu fyrir rösku ári en komið hafi á daginn að leigustarfsemi hafi verið hafin aftur í húsinu.

Sverrir segir að hann hafi sýnt yfirmanni hjá slökkviliði tómt húsið í aðdraganda aðgerðanna 2016. Hann hafi svo ekkert heyrð fyrir en lögregla og slökkvilið hafi brotist inn í húsið til að loka því. Hann hafi ekkert heyrð í slökkviliðinu síðan og undrast það.

Húsið er leigt út til leigutaka sem Sverrir vill ekki upplýsa hver er. „Það er hugsad undir skrifstofu og vinnuáðstöðu fyrir listamenn.“ Hann fullyrðir að ef einhver búi í húsinu sé það þvert gegn hans vilja. Hann geti nánast fullrytt að á Köllunarklettsvegi 4 búi enginn. „Þá væri verið að fara gegn mínum fyrirmælum. Ég tæki það mjög nærri mér,“ segir hann. – **bg**

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Áslaug Friðriksdóttir vill lausnir í stað loftkastala. **10**

SPORT Steinunn Björnsdóttir er mætt aftur á völinn eftir barnsburð. **12**

LÍFIÐ Unnur Sara Eldjárn samdi lag við ljóðið Hlass úr ljóðabók afa síns. **26**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**OPNUM EINN
GLÆSILEGASTA
VEISLUSAL
LANDSINS
INNAN SKAMMS**


Tales from
Iceland

Austurbæ við Snorrabraut

518 4000
tales.is

Besta safn Reykjavíkur
skv. Tripadvisor 4/1/18

Veður



Gengur í norðvestan hvassviðri með snjókomu og eljum norðan- og vestanlands í dag, en hægari vindur og úrkomulitið sunnan- og austanlands. Svalt í veðri. **SJÁ SÍÐU 16**

Kærðu skipan í fjárlaganefnd

STJÓRNMÁL Kærufnd jafnréttismála vísaði frá kærufnd Kvenréttindafélags Ísland vegna skipunar í fjárlaganefnd Alþingis. Félagið þótti ekki hafa sýnt að það ætti aðild að málinu. Kvenréttindafélagið taldi það andstætt lögum um jafna stöðu karla og kvenna að í núverandi fjárlaganefnd Alþingis sitja átta karlar en einungis ein kona. Félagið áréttaði að Alþingi eigi að fylgja jafnréttislögum í öllum störfum. – gar



Mennirnir stálu aðallega nautakjöti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Niðurstaða um mánaðamótin

LÖGREGLUMÁL Búast má við því að ákvörðun um ákæru í umfangsmiklu kjötpjöfnadarmáli, sem upp kom á Keflavíkurflugvelli í haust, verði tekin fyrir eða um mánaðamótin. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum telst málið upplýst og rannsókn að ljúka. Fram hefur komið að um hálfu tonni af kjöti hafi verið stolið.

Ekki mun vera hægt að greina frá endanlegum tölum um umfang málsins á þessu stigi. Tveir starfsmenn flugþjónustufyrirtækis á Keflavíkurflugvelli játuðu við yfirheyrslur í október stórfelldan þjöfnad á kjöti úr frystigeymslu á vellinum. Í frystikistum vitorðsmanns þeirra fundust 168 kíló af nautakjöti. Mennirnir höfðu einnig stolið sigarettum af fyrirtækinu í fjögur til fimm ár. – bg

Vetrarleikir á Klambratúni



Það er gömul saga og ný að þegar snjóar fagna börnin einna mest. Þessir krakkar léku sér í snjónum á Klambratúni í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Spáð er frosti fram á næstu helgi að minnsta kosti. Því er eins víst að börnin geti leikið sér áfram í snjó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fresta máli um nýjar vindmyllur

ORKUMÁL Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur orðið við beiðni Steingríms Erlingssonar í Biokraft og frestað til næsta fundar að taka endanlega afstöðu til beiðni hans um uppsetningu tveggja nýrra vindmylla í Þykkvabæ.

Skipulagsnefnd sveitarfélagsins hafði áður synjað Steingrími um uppsetningu á vindmyllunum sem eru hærri og með meira vænghaf en þær tvær myllur sem Steingrímur hefur rekið í Þykkvabæ frá árinu 2014. 61 einstaklingur ritaði á undirskriftarlista gegn nýju myllunum og heilbrigðis- eftirlitið benti á áhrif á hljóðvist í nágrenninu og á landnotkun nærliggjandi jarða vegna hávaðamarkna. – gar

Tónelskur læknir varð þeð í pólitískri refsakák

Tónskáldið Sigvaldi Kaldalóns var rekinn úr Læknafélagi Íslands eftir harða deilu milli Jónasar frá Hriflu og Læknafélagsins. Óttar Guðmundsson geðlæknir rekur þessa sögu á Læknadögum í tilefni 100 ára afmælis félagsins.

MENNING „Sigvaldi Kaldalóns var rekinn úr Læknafélagi Íslands 1929 eftir að hafa orðið bitbein í pólitískri deilu þar sem mættust stálin stinn, Hriflu-Jónas og Guðmundur Hannesson, formaður Læknafélags Íslands, sem var einráður í Læknafélaginu,“ segir Óttar Guðmundsson, geðlæknir og formaður Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar.

Óttar ætlar í kvöld að rekja þessa sögu á Læknadögum. „Við blöndum síðan tónlist saman við þetta en Karlakórinn Fóstbræður syngur þekktustu lög Sigvalda ásamt Hildigunni Einarsdóttur mezzosópran við undirleik Aðalheiðar Þorsteinsdóttur.“

Óttar segir deiluna hafa blossað upp eftir að formaður Læknafélagsins tók „veitingavaldið af veitingavaldinu með því að fá því framgengt að læknar ættu að sækja um stöður til Læknafélagsins en ekki ráðuneytisins.“

Þessu gat Hriflu-Jónas dómsmálaráðherra ekki unað og ég stend nú reyndar með honum í þessari deilu. Það reynir síðan ekki á þetta fyrir en Keflavík losnar. Sjálfstæðismaðurinn Jónas Kristjánsson, harðasti andstæðingur Jónasar á þingi, sækir um og læknar mæla með honum. Jónas er þarna kominn í hálfgerð öngstræti. Hann hafði engan annan umsækjanda svo að hann átti um tvo kosti að velja, skipa Jónas Kristjánsson og játa sig þannig sigraðan eða leita til erlendra lækna.“

Þá berst honum að sögn Óttars himnasendingu í umsókn frá Sigvalda. „Jónas skipar Sigvalda samstundis. Læknar bregðast hinir verstu við og hóta öllu illu.“ Jónas gaf sig þó hvergi



Óttar Guðmundsson geðlæknir segir söguna af því þegar Sigvaldi Kaldalóns var rekinn úr Læknafélagi Íslands, sem fagnar 100 ára afmæli sínu.



Sigvaldi Kaldalóns er eitt ástsælasta tónskáld þjóðarinnar, læknir sem dróst inn í pólitískar illdeilur.

og beitti Sigvalda miklum þrýstingi og sama gerðu læknar.

„Þetta er merkileg saga og ég hef mikla samúð með Sigvalda í þessu. Hann fer þarna gegn læknunum og malar sig alveg út í horn. Hann var samstundis rekinn úr Læknafélaginu og Sjálfstæðismenn í Keflavík banna héraðsbúum að hýsa hann eða veita honum lið. Aumingja Sigvaldi, þessi friðsami og ópólitíski maður. Tónskáld. Dregst inn í þetta. Verður bitbein Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og læknarnir brjáláðir út í hann.“

Dagskráin hefst klukkan 20 í Norðurljósum Hörpu. „Það er ókeypis inn þar sem Læknafélagið er í miklu hátíðarskapi og býður upp á þetta, klassa-tónleikar og skemmtileg saga. Hver vill hafa það betra?“ segir Óttar.

thorarin@frettabladid.is

23. janúar í 7 nætur

Frá kr. 79.995

Sólarferð til GRAN CANARIA

Heimsferðir



SPEEDTEST
AWARDS

...

HRAÐASTA
INTERNETIÐ
Á ÍSLANDI

...

Q3-Q4
2017

Ljósleiðari

1800 GB

5.990 kr.

Gagnaveitan	2.999 kr.
Leiga á beini	790 kr.
Samtals	3.779 kr.

Skráðu
þig fyrir
18. janúar

Hraðatilboð Nova!

Ekki vera risaeðla, vertu á hraðasta internetinu!

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA



Barist við skógarelda í Ástralíu.

Fuglar kveikja skógarelda

VÍSINDI Ránfuglar kveikja skógarelda til að hreikja brád sem þeir veiða úr fylgsnum sínum. Frá þessu er greint í vísindaritinu Journal of Ethnobiology.

Ekki var tekið mark á frásögnum frumbyggja í Ástralíu af slíku atferli fugla. Rannsóknin sem greint er frá í fyrrgreindu vísindariti byggir hins vegar á frásögnum nokkurra fyrrverandi og núverandi slökkviliðsmanna. Einn þeirra, Dick Eussen, sá fugl grípa kvist með glöð í, fljúga með hann þangað sem ekki var eldur og sleppa honum.

Samkvæmt rannsókninni virðist sem fuglarnir geri þetta ekki þar sem enn skíðlogar, heldur þar sem eldurinn er að slokkna.

Ekki þykir útilokað að fuglar í öðrum heimshlutum noti þessa aðferð. Fuglar í Ameríku, Afríku og Suður-Asíu hafa verið grunaðir um ikveikju. – ibs



Frá vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Annar látinn eftir rútuslysið

SLYS Kínverskur karlmaður sem fluttur var á sjúkrahús eftir rútuslys í Eldhrauni 27. desember er látinn. Hann var fæddur árið 1996 og hafði verið á gjörgæslu frá því að slysið varð. Enn eru einhverjir sem slösudust á sjúkrahúsi. Þar á meðal ökumaður rútnunnar.

Lögreglan á Suðurlandi segir fjölskyldu mannsins sem lést hafa verið hjá honum undanfarna daga og hafi þau notið aðstoðar starfsmanna kínerska sendiráðsins.

Auk mannsins dó kínersk kona á þrítugsaldri í slysinu. – jhh

Sífelld fleiri leita réttar síns vegna flugfélaganna

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt WOW air til þess að greiða tveimur farþegum tæplega 48 þúsund í skaðabætur hvorum fyrir sig, auk vaxta, vegna tafa sem urðu í flugferð frá London til Keflavíkur undir lok árs 2016. Samskiptastjóri Samgöngustofu segir skaðabótamál á hendur flugfélögum hafa tvöfaldast í fjölda á milli ára og um sé að ræða vaxandi vanda.

Farþegarnir tveir áttu flug með félaginu kl. 19.25 þann 19. desember 2016 frá London og var gert ráð fyrir landingu á Keflavíkurflugvelli kl. 23.25. Fór svo að flugið tafðist

um 219 mínútur og lenti vélin kl. 3.23 um nóttina. Í bréfi WOW air til farþeganna segir að óveður um morguninn hafi sett strík í reikninginn og haft keðjuverkandi áhrif á alla flugstarfsemi dagsins. Ísing hafi fest á flugvelli og flugvélum og snjócoma verið mikil. Var það mat flugfélagsins að vegna þessa væri það laust undan bótaskyldu. Héraðsdómur hafnaði sýknukröfu WOW air og dæmdi það til að greiða farþegunum fyrrgreinda upphæð, auk vaxta.

Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu, segir



Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu. MYND/ODDUR

að sífelld fleiri leiti réttar síns vegna flugfélaganna. „Það hefur verið mjög vaxandi. Við tókum þetta saman í fyrri og þá kom í ljós að fjöldi mála á okkar borði hafði tvöfaldast.“

Samgöngustofa hefur ákvörðunarvald í slíkum málum og sér um að framfylgja alþjóðlegum reglugerðum sem settar hafa verið. „Við ráðleggjum fólki þó alltaf að hafa samband við flugrekanda fyrst til þess að finna lausn á sínum málum,“ segir Þórhildur. „Ef allt um þrýtur getur fólk sent okkur erindi og þá hefur Samgöngustofa heimildir til að taka ákvarðanir í málum.“ – dff

Neysluvatn soðið á Landspítala

Neysluvatn verður soðið á öllum deildum Landspítalans eftir viðvörun frá Heilbrigðiseftirlitinu. Sóttvarnalæknir segir saurmengun alltaf geta orsakað sýkingu. Ekki er hætt á vatnsskortri segir fulltrúi Veitna.

UMHVERFISMÁL Allt neysluvatn verður soðið á Landspítalanum vegna viðvörunar frá Heilbrigðiseftirlitinu um jarðvegsbakteríur í neysluvatni í Reykjavík.

Í tilkynningu frá Heilbrigðiseftirlitinu, sem send var til fjölmiðla í gærkvöldi, voru neytendur hvattir til að sjóða neysluvatn sitt vegna jarðvegsgerla sem mælt höfðu í neysluvatnssýnum sem tekin voru á vatnsverndarsvæðinu í Heiðmörk. Er sérstaklega mælt til suðu á neysluvatni fyrir neytendur sem eru viðkvæmir, til dæmis með lélegt ónæmiskerfi, ungbörn, aldraða eða fólk með undirliggjandi sjúkdóma.

„Það er niðurstaða sýkingavarnardeildar Landspítalans að fylgja leiðbeiningum heilbrigðiseftirlitsins og sjóða allt neysluvatn fyrir spítalann,“ segir Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans. Aðspurður segir hann þá stöðu aldrei hafa komið upp áður að sjóða hafi þurft allt neysluvatn fyrir alla sjúklinga spítalans en ákvörðunin var tekin að höfðu samráði við sóttvarnalækni og Heilbrigðiseftirlitið.

Sóttvarnalæknir man ekki til þess að þessi staða hafi áður komið upp í Reykjavík. „Þetta hefur gerst úti á landi í miklum vatnsveðrum en ég man ekki eftir að þetta hafi komið upp hér í Reykjavík fyrr,“ segir Þórólfur Guðnason. Hann segir hættu á sýkingum alltaf fyrir hendi þegar um saurmengun sé að ræða, eins og í þessu tilvik. Hann leggur áherslu á að það mælist ekki mikið af saurbakteríum í þessu tilvik en maður vilji aldrei hafa eina einustu saurbakteríu í neysluvatni.

Árný Sigurðardóttir hjá Heilbrigðiseftirlitinu segir tilkynninguna vera algjöra varúðarráðstöfun og fólk sem er frískt eigi ekki að þurfa að hafa áhyggjur. „Það er nú svona á mörkunum að það þurfi að senda út tilkynningu um þetta en okkur þótti samt rétt að gera það, þannig að fólk viti af þessu,“ segir Árný. Hún bindur vonir við að þetta gangi fljótt yfir og segir að fylgst verði náið með stöðunni þar til vatnið er orðið hreint.

Olöf Snæhólm, upplýsingastjóri Veitna, er bjartsýn á að holurnar jafni sig fljótt.

„Við vitum af þessari hættu og erum alltaf með hlákuáætlun,“ segir

Olöf og tekur sem dæmi að holur í Gvendarbrunnum séu aldrei notaðar frá október og fram í mars, vegna þess hve viðkvæmar þær eru fyrir hlákuvatni. „En það sem er að gest núna er bara óvenjulegt ástand í veðri og hluti af okkar hlákuáætlun er að fara og mæla í holunum okkar þegar það er hláka og það er það sem við vorum að gera fyrir helgi þegar gerlar fundust í holunum okkar.“ Aðspurð segir Olöf borgarbúa ekki þurfa að óttast vatnsskort. „En við þurfum að eiga nægt vatn bæði til neyslu og til brunavarna.“ adalheidur@frettbladid.is



Á Landspítalanum er fullt að aldrei hafi áður komið upp sú staða að sjóði þyrfti allt neysluvatn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þetta hefur gerst úti á landi í miklum vatnsveðrum en ég man ekki eftir að þetta hafi komið upp hér í Reykjavík fyrr.

Þórólfur Guðnason
sóttvarnalæknir



Almenningur vill ekki rugga bátnum

SAMFÉLAG „Fólk þekkir þetta ekki, gæti liðið óþægilega og fundist því ógnað af því að þetta er svona framandi,“ segir félagsfræðingurinn Heiða Karen Sæbergisdóttir um hústökur á Íslandi. Heiða, sem rannsakaði hústökur hér á landi fyrir BA-ritgerð sína í félagsfræði, heldur fyrirlestur um málefnið í Iðná í dag. „Ofast eru þetta hús sem hafa staðið tóm og í niðurníðslu og eru tekin í notkun en stundum eru þetta líka hús sem á að rífa eða breyta og eru tekin yfir til að mótmæla þeirri ákvörðun.“

Hústökur hafa ekki verið áberandi í íslensku samfélagi miðað við það sem gengur og gerist á ákveðnum svæðum í Evrópu. Hins vegar eru nokkur þekkt dæmi um hústökur í mótmælaskyni. Hópur fólks réðst til að mynda inn í hús Björgólfs Thors Björgólfsónar við Frikkirkjuveg 11 til að mótmæla Icesave-samningnum eftir bankahrunið, eða árið 2009.



Heiða Karen heldur fyrirlestur um hústökur í Iðná og kvöld.

Mín tilfinning er sú að í samfélögum þar sem er velmegun séu aðgerðir sem þessar verr liðnar af almenningi,

Heiða Karen Sæbergisdóttir

„Líklega eru þó nokkrar hústökur í Reykjavík akkúrat núna sem við vitum ekki af, þar sem fólk sem á ekki um mikið að velja hefur leitað sér skjóls án þess að mikið beri á.“

Að sögn Heiðu skiptir þó afstaða yfirvalda miklu máli þegar kemur að hústökum, sem og stuðningur samfélagsins. „Mín tilfinning er sú að í samfélögum þar sem er velmegun séu aðgerðir sem þessar verr liðnar af almenningi, kannski af því að fólk er ósatt við að bátnum sé ruggað, á meðan þær geta þótt eðlilegur hluti af samfélaginu annars staðar.“ – bsp

12. febrúar í 10 nætur

Bókaðu sól
FUERTEVENTURA

Frá kr.
81.835

Allt að
25.000 kr.
afsláttur á mann

Heimsferðir

EKKI BARA GÆÐI

VINNUBUXUR STRETCH



Vinnubuxur með teygjubótum á vandlega völdum stöðum og beygðum hnjám sem tryggja hámarkshreyfanleika og þægindi.

11.900 m/vsk

Fullt verð 14.900

SMÍÐA- VESTI



12.900 m/vsk

Fullt verð 18.900

VINNU- SKYRТА



5.900 m/vsk

Fullt verð 7.400

STUTTERMA- BOLUR



1.490 m/vsk

Fullt verð 2.460

ÖRYGGIS- SKÓR



26.900 m/vsk

Fullt verð 33.990

BELTI



1.990 m/vsk

Fullt verð 3.370

FLÍSJAKKI



8.900 m/vsk

Fullt verð 14.816

HETTUJAKKI PRJÓNAÐUR



10.900 m/vsk

Fullt verð 17.686

VETRAR- JAKKI



24.603 m/vsk

HÖFUÐLJÓŚ Í KAUPBÆTI



SMÍÐABUXUR STRETCH




Slitsterkar vinnubuxur með lágu klofi og mjókkandi skálmum. Hefðbundið snið sem er vel þekkt í gallabuxnageiranum. Buxurnar eru úr Cordura® gallaefni með teygjueiginleika.

19.900 m/vsk

Fullt verð 25.900

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM
KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU
ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is



Rnr. 390555

LAND ROVER Discovery 5 S
Nýskr. 05/17, ekinn 20 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 8.990 þús. kr.



Rnr. 331237

VOLVO XC60 Summum
Nýskr. 01/15, ekinn 56 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 5.390 þús. kr.



Rnr. 331044

NISSAN X-Trail Acenta 4wd
Nýskr. 06/16, ekinn 40 þ.km,
dísil, beinskíptur.

VERÐ 4.090 þús. kr.



Rnr. 390675

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 02/17, ekinn 48 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 4.690 þús. kr.



Rnr. 370728

Range Rover Evoque HS
Nýskr. 06/16, ekinn 6 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 7.990 þús. kr.



Rnr. 144547

HYUNDAI Santa Fe III Premium
Nýskr. 08/16, ekinn 29 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 6.990 þús. kr.

bilaland

Opíð frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



Séra Guðrún Karls Helgudóttir afhendir Agnesi M. Sigurðardóttur biskup Íslands áskorun prestvígðra kvenna. Prestur í Langholtskirkju segir nýárspredikun biskups hafa hvatt konur í prestastétt til þess að stíga fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ofbeldi, áreitni og mismunun í prestastétt

Konur í prestastétt sendu í gær frá sér yfirlýsingu vegna #metoo byltingarinnar og skoruðu á stjórn þjóðkirkjunnar að beita sér fyrir siðbót hvað varðar vinnu- umhverfi kvenna í kirkjunni. Áskoruninni fylgdu yfir sextíu sögur kvenpresta.

SAMFÉLAG „Auðvitað er þetta vand- meðfarið í fámennri stétt eins og okkar,“ segir Jóhanna Gísladóttir, prestur í Langholtskirkju og for- maður Félags prestvígðra kvenna, um yfirlýsingu kvenna sem stígu fram í gær í tengslum við #metoo byltinguna. Sextíu og fimm konur skora á biskup, kirkjuráð, kirkju- þing, presta og sóknarnefndir að beita sér fyrir siðbót hvað varðar vinnuumhverfi kvenna, prestvígðra og annarra í kirkjunni.

„Við höfum líkt og aðrar konur búið við kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunun. Sögur okkar kvenna í samfélaginu eru allar eins. Við töldum nauðsynlegt að styðja við bakið á kynsystur okkar og deila okkar sögum,“ segir Jóhanna.

Hún segir að konur í Félagi prest- vígðra kvenna hafi byrjað að ræða saman sín á milli í desember. Þær hafi síðan fundið hvatningu í nýársávarpi Agnesar M. Sigurðar- dóttur biskups til að stíga fram. „Agnes ræddi #metoo byltinguna í nýársávarpi sínu og það var okkur hvatning til að stíga loks fram,“ segir Jóhanna sem segir kvenpresta sam- mála um að vel hafi verið tekið í áskorun þeirra.

Samhliða áskoruninni birtu prestarnir í gær yfir sextíu sögur þar

Við töldum nauð- synlegt að styðja við bakið á kynsystur okkar og deila okkar sögum.

Jóhanna Gísladóttir,
prestur í Lang-
holtskirkju



**Brot úr sögum
prestvígðra kvenna**

Sleikti tærnar

„Að sumri til kom ég til vinnu berfætt í bandaskóm. Ég settist til vinnu inn á skrifstofu minni og skömmu síðar kom kollegi minn inn til mín og settist í annan við- talsstólinn minn. Hann dásamaði skóna mína og spurði svo hvort ég vildi ekki fótanudd. Ég neitaði því. Áður en ég vissi af, steig hann upp úr stólnum, kraup fyrir framan mig, tók upp annan fót minn og sleikti á mér tærnar.“

Beðin um að koma ekki í buxum

„Á meðan ég var í guðfræði- náminu vann ég sem kirkju- vörður. Nokkrum mánuðum eftir að ég hóf störf, var ég beðin að koma ekki aftur í buxum í kirkjuvörsluna. Sóknarpresturinn daðraði mikið við konur, og ein samstarfskona mín var barm- mikil. Hann gerði sér far um að faðma hana og nudda sér upp við barm hennar – sem var mjög óþægilegt fyrir okkur samstarfs- fólk, en ekkert okkar sagði neitt.“

sem þær lýsa kynbundnu ofbeldi, áreitni og mismunun á vinnustöð- um sínum. Agnes M. Sigurðardóttir biskup brást við áskorun og frásögn- um kvenanna. Hún sagðist þakk- lát öllum þeim sem stigið hefðu fram og sagt frá reynslu sinni. „Ég tek hjartanlega undir þá sanngjörnu og eðlilegu kröfu sem prestvígðar konur hafa sett fram. Ég mun leggja mig alla fram við að bæta starfsum- hverfi kvenna og samskiptin milli fólks í kirkjusamfélaginu,“ sagði Agnes. kristjanabjorg@frettabladid.is

Hagtak krefst 174 milljóna vegna borhola í sjó neðan Klepps

DÓMSMÁL Vertakafyrirtækið Hagtak hefur stefnt Faxaflóahöfnum til greiðslu 173,6 milljóna króna.

Hagtak tók að sér á árinu 2015 að sprengja fyrir hafnarkanti neðan Klepps í Sundahöfn. Fyrirtækið var það eina sem skilaði tilboði í verkið. Því var þó ekki tekið áður en frestur rann út að því er fram kemur í stefnu Hagtaks heldur gerðu Faxaflóahafn- ir síðar munnlegt samkomulag við verktafann um að annast verkið. Enginn skriflegur samningur hafi verið gerður þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir Hagtaks.

Verkið fólst í borun og spreng- ingu klappar í sjó. Bora átti 250 til 350 holur og nota 2,5 til 3 tonn af

Það er meginregla í kröfurétti að greiða ber sanngjarnt verð fyrir vörur og þjónustu sé ekki um annað samið.

Úr stefnu Hagtaks

sprengefni. Eftir að boraðar höfðu verið yfir 30 holur frá desember fram í janúar tilkynntu Faxaflóahafnir Hagtaki 21. janúar 2016 að hætt yrði við verkið, að því er segir

í stefnunni. Hagtak hafi lýst ónægju með þetta enda talið sig geta lokið verkinu fyrir tilsettan tíma og að fyrirtækið myndi verða fyrir gríðar- legu tapi. Faxaflóahafnir hafi þá einhliða tilkynnt að Hagtak fengi alls 81,6 milljónir króna fyrir sína þjónustu og hafnað síðan greiðslu- kröfum fyrirtækisins.

„Það er meginregla í kröfurétti að greiða ber sanngjarnt verð fyrir vörur og þjónustu sé ekki um annað samið,“ segir í stefnu Hagtaks sem var lögð fyrir stjórn Faxaflóahafna síðastliðinn föstudag. Krafan er sundurliðuð þannig að um 143 milljónir eru vegna verksins sjálfs og 30,6 vegna missis hagnaðar. – gar

ÚTSALA

Allt að **50%** afsl.

MYNDFORM GRAFIK




Þið finnið okkur á Facebook

Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

Ný netverslun



Oslo
skóskápur
19.144



Roomers
skenkur
46.823



Retro
eldhúsbord
37.332

Verð miðast við gengi krónunnar 15/12/17



Nashville
bókaskápur
41.867

MYNDFORM GRAFIK

Hirzlanheimili.is
Netverslun

Lágt verð alla daga



Forsætisráðherrann er ekki þar hrifinn af Puigdemont. NORDICPHOTOS/AFP

Fráleitt að flóttamaður verði forseti Katalóníu

SPÁNN Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu, má ekki verða forseti héraðsins aftur nú, eftir að aðskilnaðarsinnar héldu meirihluta sínum í héraðsþingkosningum í desember. Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, sagði í gær að ef hann yrði útnefndur héraðsforseti myndu Spánverjar halda áfram að fara með stjórnina í héraðinu.

Spánverjar hafa stýrt Katalóníu frá því síðasta haust þegar héraðið var svipt sjálfstjórn eftir sjálfstæðis-yfirlýsingu þess. Sjálfur er Puigdemont í útleið í Brussel en ráðherrar héraðsstjórnar hans hafa verið ákærðir fyrir uppreisn.

Katalónska héraðsþingið velur sér forseta á næstu vikum og hefur

Puigdemont þótt einna líklegastur til að verða fyrir valinu. Jafnvel þótt hann þyrfti að stýra frá Brussel. Óljóst er hvort yfirlýsing Rajoy muni koma til með að setja strík í reikninginn.

„Það er algjörlega fráleitt að einhver vilji vera forseti héraðsstjórnar Katalóníu þegar viðkomandi er flóttamaður í Brussel. Þetta er bara spurning um almenna skynsemi,“ sagði Rajoy í ræðu sinni sem haldin var í höfuðstöðvum þjóðarflokksins í Madrid.

Þá sagði Rajoy enn fremur að ef Puigdemont reyndi að vera viðstaddur þingfund í gegnum Skype eða sambærilegt forrit myndu spænsk yfirvöld kæra það til dómstóla. – þea

Íranska skipið Sanchi lekur olíu í tonnnavís

Olíuflutningaskipið Sanchi var með 136 þúsund tonn af hráolíu á leið til Kína þegar það sökk. Talið að veruleg röskun geti orðið á lífríki sjávar vegna slyssins. Olían er meira unnin og verðmætari hráolía en oftast hefur lekið í hafid.

KÍNA Íranska olíuflutningaskipið Sanchi, sem sökk í gær eftir að hafa staðið í ljósum logum á Austur-Kínahafi undanfarna viku, lekur nú olíu. Skipið var á leið til Kína með 136.000 tonn af hráolíu, alls um 960.000 tonn, og er mengunin ekki sjáanleg á yfirborðinu að því er BBC greinir frá.

Kínversk skip flyktust á staðinn í gær til þess að greina vandann og reyna að leysa úr honum. Talið er að bæði farmurinn og olían sem knúði skipið geti raskað lífríki sjávar allverulega.

Sanchi lenti í árekstri við gámaflutningaskip 260 kílómetra frá Sjanghæ þann 6. janúar og við það kviknaði í íranska skipinu.

Óljóst er hvað olli árekstrinum. Allir 32 skipverjarnir, þrjátíu frá Íran og tveir frá Bangladess, eru taldir af. Lík þriggja hafa fundist.

Að sögn Robins Brant, blaðamanns BBC í Kína, er um að ræða mun meira unna og verðmætari hráolíu en þá svörtu sem oft hefur lekið í hafid. Þessi olía sé léttari og mun eldfimari.

Til samanburðar við hinar 960.000 tonn sem gætu nú mengað Austur-Kínahaf er vert að taka



Oliulekinn á Kínahafi gæti raskað lífríki sjávar verulega. NORDICPHOTOS/AFP

960

þúsund tonn af olíu voru í skipinu þegar það sökk.

fram að í olíulekanum sem varð við sprengingu í Deepwater Horizon-borballinum á Mexíkóflóa árið 2010 flæddu um 4,9 milljónir tunna út í sjóinn.

Þá lak Exxon Valdez 260.000 tonn um við Alaska árið 1989. – þea

MINNI EYÐSLA, MEIRA PLÁSS, MEST GAMAN



ŠKODA



ŠKODA OCTAVIA G-Tec. FULLVAXINN FJÖLSKYLDUBÍLL SEM SPARAR ÞÉR KRÓNURNAR.

Octavia G-Tec er einn mest seldi bíll á Íslandi, enda bæði sparneytinn og góður í endursölu. Hann er mjög rúmgóður og gengur bæði fyrir bensíni og metani sem lækkar eldsneytiskostnaðinn til muna. Komdu í reynsluakstur og kynstu Octaviunni betur.

ŠKODA OCTAVIA frá:
3.350.000 kr.


H HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjaneshæ

www.skoda.is



TIL HAMINGJU

MEÐ FJÖRUVERÐLAUNIN 2018,
KRISTÍN HELGA, UNNUR OG KRISTÍN!




**BARNA- OG
UNGLINGABÓKMENTIR**

KRISTÍN HELGA
GUNNARSDÓTTIR



„Sagan fjallar öðrum þræði um hörmungar en fyrst og fremst um mennsku og mannhelgi ... Bókin er einstaklega vel byggð, persónusköpun trúverðug og afar raunsæ og fjallar um málefni sem brennur á okkur öllum.“

ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR




FRÆÐIBÆKUR

UNNUR JÖKULSDÓTTIR



„Í bókinni skynjar lesandinn töfra og fegurð Mývatns. Unnur ber djúpa virðingu fyrir náttúrunni og lýsir henni af ástríðu og hrifningu ... Bókin Undur Mývatns er dýrmæt perla rétt eins og vatnið sjálft.“

ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR



FAGURBÓKMENTIR

KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR



„Á einkar næman og áhrifa- ríkan hátt er hér fjallað um skynjun manneskjunnar á veruleikanum, flóttaleiðir hugans, einsemd, hið gleymda og falda ... gríðarlega vel skrifuð skáldsaga sem lifir áfram með lesandanum.“


ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–17 | www.forlagid.is

Heildaruppgjör



Hafþór Sævarsson
sonur Sævars Ciesielski



Ákærvaldið mun því aldrei þora, vegna þess að þá kæmi í ljós leikritið í allri sinni dýrd. Hverjir stóðu að handritsgerð þessara mála, hverjir hjálpuðu til við sviðsetningu. Hvaða leikmenn voru fengnir til verksins og hvaða hundar valdir.

Sýndarréttarhöld Guðmundar- og Geirfinnsmála munu ekki ryðja veginn fyrir það heildaruppgjör sem þarf að fara fram. Feluleikir endast ekki til lengdar þegar sagan er öll kirfilega skjalfest, smáatriði staðfest og nöfn undirrituð. Hið mikla skjalafals og leikverk Guðmundar- og Geirfinnsmála er skráð á tiltekna starfsmenn stjórnskipunarinnar. Þá varpa skráðar dagsetningar ljósi á tímalínu sem upplýsir söguna í heild.

Nú þegar endurupptaka að hluta á þessum málum mjakast til Hæstaréttar, stendur valið milli uppgjörs og feluleiks. Ákærvaldið ætti með réttu að fara fram af krafti, af öllu því afli sem það getur fram borið og benda á allt sem talið er að gæti hjálpað til staðfestingar dómnnum. Dómsmórðinu gamla. Það mun hins vegar ákærvaldið aldrei þora. Því það myndi opinbera hversu vitfirrtur sá málstaður er, að fara fram á sekt, og hefur alltaf verið. Málstaður sá, að fara fram á sekt í þessu máli, er svo veikburða að það má færa skynsamleg rök fyrir því að sjálfu réttaröryggi landsins stafi beinlínis hættu af því að gera þeim málstað opinber skil.

Ákærvaldið mun því aldrei þora, því það sýnir opinbera starfsmenn misnota mannhvörf. Saklaus ungmenni voru valin af mönnum sem vissu allt um sakleysi þeirra. Þyntuð yfir margra mánaða tíma-bíl í gæsluvarðhaldi, leidd í margar gildur og surrealískar skýrslutökur. Látin segja eitt og svo annað, ýmist dópuð, hrædd eða lamin. En það var ekki einu sinni nóg til að dæma þau sek! Nei, það þurfti að framleiða skáldaðar forsendur í dómnum sjálfum til að sakfella!

Ákærvaldið mun því aldrei þora, vegna þess að þá kæmi í ljós leikrit-

id í allri sinni dýrd. Hverjir stóðu að handritsgerð þessara mála, hverjir hjálpuðu til við sviðsetningu. Hvaða leikmenn voru fengnir til verksins og hvaða hundar valdir. Hverjir framleiðendur voru og í hvaða tilgangi leikurinn var gerður: Árásin á Ólaf Jóhannesson, fyrrum forsætisráðherra Íslands. Ólafur stóð hana af sér, reið með björgum fram og samdi um Karl Schütz. Þjóðverji sá er háttsettasti ræstitæknir sem forseti íslenska lýðveldisins hefur nokkru sinni hengt á stórriddara-kross.

Í staðinn mun ákærvaldið fara fram á sýknu, því þá þarf ekki að skoða eitt eða neitt! Ekkert afl og engin mótstaða, gott og vel. Sýndarréttarhöld Guðmundar- og Geirfinnsmála munu ekki hindra þá opinberun sem heildaruppgjörið krefst. Þá skiptir engu hvort alvöru-réttarhöld ryðja veginn fyrir fram, eður ei. Fadir minn barðist fyrir því að vera hreinsaður af þessum málum. Hann fékk aldrei að lifa þann dag. Í dag berjumst við fyrir heildaruppgjöri. Sögunni af því hvernig tilteknir starfsmenn stjórnskipunarinnar unnu gegn stjórnskipuninni sjálfri. Sögunni af því hvernig stjórnsmálaöfl sameinuðust í misnotkun á mannhvörfum. Sögunni af réttar- og dómsmórði: Sannleikanum sem þarf að gera upp.

SKRÁNING Á
WWW.SAMORKA.IS

SAMORKA
Samtök orku- og
veitufyrirtækja



VERÐMÆTIN Í VATNINU

FUNDUR UM VATNSVERND 17. JANÚAR.
8.30 – 10 Á ICELANDAIR HÓTEL NATURA

Vatn: Vernd og nýting

Kristján Geirsson, verkefnastjóri, Orkustofnun

Virði vatnsins

Jón Skafti Gestsson, hagfræðingur, Lotu

Útkall! Slys á vatnsverndarsvæði

Gunnur Ýr Stefánsdóttir, verkefnastjóri, Norðurorku

Við veitum vatni

Hólmi Friður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri Veitna og
Hlín Benediktsdóttir, rekstrarstjóri vatnsveitu, Veitum

Mikilvægasta hráefnið í matvælaframleiðslu

Stefán Magnússon, markaðsstjóri Coca-Cola European Partners á Íslandi

Fundarstjóri: Karl Eðvaldsson

Gatnamalastjóri Kópavogsbæjar



FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

þorngið er rétt á
vernd gegn einbeitingu

Pitt uppáhaldsefni í Vodafone PLAY appinu

Fyrir fólk sem elskar sjónvarp.

Horfðu á pitt uppáhaldsefni þegar þér hentar. Vodafone PLAY appið er með þér í snjalltækinu hvert sem þú ferð.

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

Fjölskyldustemning á æfingum

Steinunn Björnsdóttir sneri aftur á völlinn með Fram í Olís-deild kvenna á sunnudag í leik gegn Haukum rúmum mánuði eftir barnburð. Steinunn var sett 2. janúar en litla daman þeirra Vilhjálms Theodórs Jónssonar dreif sig í heiminn 16. desember. Sú stutta var komin með á æfingu þegar hún var tveggja vikna.


HANDBOLTI „Auðvitað eru átök og ég svitnaði og þetta var erfitt á köflum en ég gekk ekki frá sjálfri mér. Ég fékk góða hvíld á milli og ég er í góðu standi,“ segir Steinunn Björnsdóttir sem var í leikmannahópi Fram í Olís-deildinni þegar liðið tapaði fyrir Haukum 24-23 á mánudag. Steinunn eignaðist sitt fyrsta barn þann 16. desember en var sett 2. janúar. Dömunni litlu lá hins vegar á að mæta í heiminn en minnstu munaði að pabbinn, Vilhjálmur Theodór Jónsson, missti af fæðingu frumburðarins. Hann var nefnilega í Glasgow enda ekki algengt að fyrsta barn sé mikið að drífa sig.

„Hann rétt náði á fæðingardeildina. Kom klukkutíma fyrir fæðingu með einhverjum ótrúlegum hætti. Hann átti nefnilega að koma til Íslands á mánudeginum og ég held að hann hafi náð nokkrum klukkutímum í Glasgow,“ segir hún og hlær. „Hann var að fara í verslunarferð með mömmu sinni og við vorum ekkert stressuð yfir að barnið væri að koma. Við veltum því alveg fyrir okkur en ætluðum að tækla það þegar þar að kæmi.

Þetta var í raun hálfgerð bío-myndasaga hvernig hann komst heim og er skemmtileg minning og mjög skemmtilegt eftir á en það var ekkert endilega sérstakt á meðan á þessu stöð.“



Steinunn og Vilhjálmur ásamt litlu dömunni sem kom aðeins fyrir en áætlað var í heiminn. Minnstu munaði að Vilhjálmur missti af fæðingunni en hann var í Skotlandi þegar Steinunn fór af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Xabi Alonso er einn besti miðjumaður sögunnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Mál Xabi Alonso opnað á ný

FÓTBOLTI Xabi Alonso hefur bæst við langan lista fötboltamanna á Spáni sem sakaðir eru um skattaundanskot. Bæði Lionel Messi og Ronaldo eru þegar búnir að fá dóm fyrir að svíkja undan skatti á Spáni og í gær var tilkynnt að mál hans hefði verið enduropnað. Því hafði verið stungið ofan í skúffu í janúar í fyrra en eftir að dómur féll í máli Javier Mascherano fannst skattayfivöldum líklegra en ekki að Alonso fengi dóm.

Brotin áttu sér stað árin 2010-2012 þegar hann seldi myndarétt fyrir fimm milljónir evra. Þessar evrur skiluðu sér ekki til Spánar og skatturinn vill nú sitt. – bb



Ymir Gislason á liðshótelinu Le Meridien í Split. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Úrslitastund runnin upp

HANDBOLTI Íslenska landsliðið í handbolta mætir því serbeska í kvöld á Evrópumótinu í handbolta og nægir strákunum okkar jafntefli til að tryggja sér áframhaldandi þátttökurétt. Jafnvel má liðið tapa með þriggja marka mun en kemst samt áfram ef Svíar ná ekki stigi eða stigum gegn heimamönnum í Króatíu.

Ásgeir Örn Hallgrímsson segir að Serbarnir séu með óhefðbundna leikmenn. „Þeir eru mjög óútreiknanlegir og spila óhefðbundinn varnarleik og skipta oft um vörn. Það getur því verið erfitt að undirbúa sig. Við verðum að fókusa á sjálfa okkur og ef við gerum okkar hluti almennilega þá vinnum við þennan leik,“ segir Ásgeir en gangi það eftir fara strákarnir áfram í mótinu með tvö stig.

Nýliðinn Ymir Örn Gislason fékk að spila í rúmar fjórar mínútur í leiknum gegn Króatíu. „Þetta var frábært. Ég var búinn að biða svoltið eftir því að fá að koma inn á og taka á þessu. Serbía er næst. Þeir eru hægir til baka og við þurfum að refsa þeim vel. Taka á þeim í vörninni. Ekki leyfa þeim að komast upp með neitt.“ – hbg



Stofnfundur Miðflokksfélags Suðvesturkjördæmis

Stofnfundur Miðflokksfélags Suðvesturkjördæmis verður haldinn miðvikudaginn 17. janúar kl. 20.00 í Glersalnum, Salavegi 2 Kópavogi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Gunnar Bragi Sveinsson ávarpa fundinn.

Kaffiveitingar

Allir velkomnir

Miðflokksfélag Suðvesturkjördæmis

Steinunn fór í fæðingarorlof föstudaginn 15. desember og vann til hádegis. Pakkaði þá saman og gekk út. Fór svo á æfingu. „Ég æfði en í litlu álagi og af mun minni ákefð en ég var mjög heppin alla meðgönguna, var með litla sem enga verki og var hraust og gat unnið.

Ég fór í fæðingarorlof á föstudeginum um hádegi og litla daman kom daginn eftir. Ég fékk því hálfan sólarhring í orlofi.“

Hún segir að fæðingin hafi gengið vel og var hún lítið eftir sig eftir hana. Tveimur vikum síðar var hún mætt á æfingar að nýju með dömunum sem hefur ekki hlotið nafn. Verður skírd í byrjun febrúar.

„Það er erfitt að gera sér grein fyrir því hversu mikil endurkoma þetta er en miðað við viðbrögð kvenna

Ég fór í fæðingarorlof á föstudeginum um hádegi og litla daman kom daginn eftir. Ég fékk því hálfan sólarhring í orlofi.

Steinunn Björnsdóttir

sem hafa gengið í gegnum þetta og hafa komið að máli við mig þá er þetta svoltið óvenjulegt. Ég hef ekki reynt af neinu öðru þannig að mér finnst erfitt að gera mér grein fyrir hvort þetta sé óvenjulegt eða ekki,“ segir hún en daman er frumburður þeirra.

Steinunn segir að daman sofi ekkert brjálæðislega mikið á næturnar en sé að öðru leyti mjög væg og góð. Steinunn ætlar að leita til sérfræðinga til að gera fyrirbyggjandi æfingar til að ekki komi bakslag. „Það eru nokkrar sem hafa komið að máli við mig og sagt að það komi hugsanlegt bakslag og ég er meðvituð um það. Mér líður vel og ég hugsa vel um líkamann og hann kvartar ekki enn og þá er engin lætæða til að hægja á sér.

Líkaminn lætur vita og ef það væri eitthvað í gangi þá myndi ég bara slaka á. Ég hef verið þokkalega óheppin með meiðsli á ferlinum og kannski er líkaminn bara að borga til baka,“ segir hún og brosir.

Steinunn hefur verið að taka dömunu með á æfingar en pabbinn stundar einnig íþróttir, er í Njarðvík í Domino's-deild karla. Það má því búast við að íþróttir verði fyrirferðarmiklar í uppeldinu og hún muni heimsækja flest íþróttahús landsins áður en hún nær eins árs aldri. „Ég er rólegri þegar ég tek hana með á æfingar í staðinn fyrir að hún sé heima. Við erum margar mæður í Fram og elsta Frambarnið er að lita eftir minni sem er skemmtilegt. Það er fjölskyldustemning á æfingum og Stebbi þjálfari er vanur að vera með margra barna mæður á æfingum,“ segir hún. benediktboas@365.is

Aðalfundur Viðskiptaráðs 2018

Miðvikudaginn 14. febrúar kl. 9.00 á Hilton Reykjavík

Fulltrúum allra aðildarféлага Viðskiptaráðs Íslands er heimilt að sækja fundinn. Frestur til að koma lagabreytingatillögum til stjórnar er þremur vikum fyrir auglýstan fund. Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 9. grein laga ráðsins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar bornir upp til samþykktar
3. Úrslit formanns- og stjórnarkjörs tilkynnt
4. Lagabreytingar
5. Kosning kjörnefndar
6. Tekju- og gjaldaáætlun kynnt og árgjöld ákvörðuð
7. Önnur mál

Nánari upplýsingar um aðalfund, stjórnarkjör og atkvæðagreiðslu má finna á vi.is



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

-stofnað 1917-

JANÚARTILTEKT

Allt að 50% afsláttur

SONY



RX100 III

Verð: 84.990 kr.

Tilboðsverð: **76.491 kr.**

Stórkostleg myndavél með baklýstum 20.2 megapíxla 1" EXMOR R myndflögu og 1080p myndbandsupptöku.

SONY



55" XE90 4K HDR XDR

Verð: 239.990 kr.

Tilboðsverð: **203.991 kr.**

Örþunnt sjónvarp með full-array baklýsingu og óviðjafnanlegum myndgæðum.

Canon




EOS 1300D m/18-55 linsu

Verð: 59.900 kr.

Tilboðsverð: **49.900 kr.**

Fangaðu magnaðar ljósmyndir með stórrí 18 megapíxla APS-C myndflögu. Taska, minniskort og 3 klst. námskeið fylgja með.

Lenovo



ThinkPad T470 14" i5

Verð: 249.900 kr.

Tilboðsverð: **199.899 kr.**

Öflug vél með frábærum skjá og vegur aðeins 1650 gr.

BOSE



SoundLink Micro Bluetooth

Verð: 15.900 kr.

Tilboðsverð: **12.901 kr.**

Þráðlaus SoundLink Micro hátalarinn er pinulítill – þangað til þú kveikir á honum!

SONY



MDR-1000X

Verð: 49.990 kr.

Tilboðsverð: **37.493 kr.**

Hágæða þráðlaus heyrnartól með stafrænni hljóðvörn.

netverslun.is

Borgartúni 37, 105 Reykjavík • Kaupangi, Akureyri

*Allt að 50% afsláttur af einstökum vörum á meðan birgðir endast.

origo.



PRÍÐJUDAGUR 16. JANÚAR 2018

Heilsa



„Mér finnst útíveran einn stærsti kosturinn við að ganga á skíðum og maður fær mikla útrás,“ segir Óskar Jakobsson. MYND/ANTON BRINK

ENZYMEDICA®

Söluhæsta
meltingarvaran í
Bandaríkjunum



Nú er loksins hipp og kúl að ganga á skíðum

Óskar Jakobsson gengur á skíðum og hleypur maraþon. Hann kennir byrjendum grunnatriði í skíðagöngu og segir íþróttina njóta sífellt meiri vinsælda.

Skíðakappinn, maraþonhlauparinn og prentarinn Óskar Jakobsson hefur lagt stund á íþróttir frá unga aldri. Hann fór fyrst á gönguskiði þegar hann var sex ára gamall og eftir það varð ekki aftur snúið. Fyrir rúmum áratug tók Óskar áskorun um að taka þátt í Vasagöngunni í Svíþjóð og hóf að hlaupa langar vegalengdir til að

undirbúa sig sem best. Í dag hefur hann tekið þátt í 14 maraþonhlaupum og er hvergi nærri hættur.

Þótti ekki töff

„Ég kynntist skíðagöngu í gegnum æskuvin minn Sigurð Oddsson en faðir hans var mikill skíðagöngu-

Framhald á síðu 2 ➔

Gott að styðja reglulega við hreinsunarferli líkamans

Detox Floradix er nýtt fæðubótarefni frá hinum virta þýska framleiðanda Salus. Fyrirtækið byggir á 100 ára sögu sem framleiðandi lífrænna fæðubótarefna og er þekktast hér á landi fyrir Floradix járnmixtúrurnar.

Detox inniheldur öfluga jurtablöndu úr lífrænum jurtum ásamt C-vítamíni. „Innihald er meðal annars þykkni úr ætíðistlum sem talið er að styrki lífrina ásamt túnfífla og netlu sem hafa vatnslosandi áhrif. Að auki inniheldur þessi magnaða blanda túrmerik, engifer, fikju- og plómuþykkni ásamt fleiri jurtum sem örva meltinguna. C-vítamínið virkar sem andoxunarefni og ver þannig frumur líkamans gegn skaðlegum áhrifum stakeinda sem koma frá umhverfinu og verða til við efnaskipti líkamans,“ segir Signý S. Skúladóttir, sölu- og markaðs- stjóri Heilsu ehf.



➤ Að auki inniheldur þessi magnaða blanda túrmerik, engifer, fikju- og plómuþykkni ásamt fleiri jurtum sem örva meltinguna.

- Jurtaþykkni sem örvar meltinguna.
- Grænt te.
- Ætíðistilþykkni.
- C-vítamín úr acerola-berjum.
- Detox inniheldur engin aukaefti, litarefni, laktósa né glúten.
- Hentar fyrir vegan og grænmetisætur.
- Mælt er með því að blanda 12,5 ml í 250 ml af vatni og drekka

með eða eftir mat. Munið að drekka nógv af vatni yfir allan daginn. Við mælum með minnst 1,5-2 lítrum á dag. Það má líka taka sem skot og drekka a.m.k. 250 ml af vatni á eftir.

Detox Floradix fæst í flestum apótekum, heilsuvörubúðum og betri matvöruverslunum.

Framhald af forsiðu ➔

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



maður. Svo fékk ég góðan þjálfara, Þröst Jóhannesson, og það varð ekki til að draga úr áhuganum. Um sjö ára aldurinn fór ég að keppa og tók þátt í flestum mótum á Ísafirði og auðvitað Andrésar Andar leikunum á Akureyri,“ segir Óskar Jakobsson um tildrög þess að hann batt á sig gönguskiðaskóna en hann er alinn upp í skiðaparadisinni Ísafirði.

„Á þessum árum voru flestir á svigskíðum og það þótti ekki töff að vera á gönguskiðum. Undanfarnin átta ár eða svo hefur íþróttin sannarlega sótt í sig vedrið þannig að núna, eftir fjórutíu ár, er ég loksins orðinn hipp og kúl,“ segir Óskar hlæjandi.

Tilvalið fjölskyldusport

Skiðaganga hefur marga góða kosti og er tilvalið fjölskyldusport, að

sögn Óskars. „Þetta er holl hreyfing sem reynir alhliða á líkamann, auk þess að auka þol, úthald og styrk. Skiðaganga er miklu skemmtilegri en fólk á von á. Margir halda að þetta sé erfið og leiðinleg íþrótt en komast síðan að því að svo er ekki. Mér finnst útveran einn stærsti kosturinn og maður fær mikla útrás á skiðunum.“

Óskar stundar íþróttina af miklu kappi þótt hann sé hættur að keppa. Hann stendur fyrir námskeiðum fyrir byrjendur á gönguskiðum í samvinnu við Auði Ebenezerdóttir sem einnig er frá Ísafirði og margfaldur Íslandsmeistari í greininni. „Við tókum fagnandi á móti öllum sem vilja læra á gönguskiði. Kennslan fer fram í Bláföllum og þar eru margar afbrigðisgönguleiðir. Í byrjun mars ætlum við að skipta um umhverfi, taka fri frá hversdagsamstrinu og halda til Tékklands þar sem við verðum með vikulangt skiðagöngunámskeið,“ upplýsir Óskar.



„Við tókum fagnandi á móti öllum sem vilja læra á gönguskiði. Kennslan fer fram í Bláföllum og þar eru margar afbrigðisgönguleiðir,“ segir Óskar. MYND/ANTON BRINK

Marapón í jakkafötum

Þrátt fyrir miklar annir gefur Óskar sér líka tíma fyrir langhlaup en hann hefur tekið þátt í 14 marapónhlaupum víða um heim og þjálfað hlaupahóp Fjölnis. „Í fyrrasumar tók ég þátt í Reykjavíkumaraþoni sem var eftirminnlegt. Pétur Ívarsson, verslunarstjóri í Boss og einn hlaupafélagi minn, langaði að hlaupa í þágu góðs málefnis og úr varð að við vorum nokkrir saman í hóp sem hlupum í Boss-jakkafötum og söfnuðum fyrir Einstök börn. Það var gaman að taka þátt og láta um leið gott af sér leiða,“ segir Óskar sem er þegar farinn að undarþví sig fyrir næsta hlaup.

Senda má póst á gonguskidanamskeid@gmail.com og fá nánari upplýsingar um skiðanámskeiðið.



Óskar og Auður Ebenezerdóttir kenna byrjendum að ganga á skiðum.



ERTU MEÐ AUGNÞURRKA?

Hyprosan augndropar – við augnþurrki

- Án rotvarnarefna
- Hægt að nota með augnlinsum
- Fæst án lyfseðils í apótekum

Hyprosan augndropar innihalda hypromellósa og eru ætlaðir til meðferðar við augnþurrki, b.m.t. glæru- og tárusiggi (keratoconjunctivitis sicca), hjá fullorðnum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðil fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og auakverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskrá.is. Nóvember 2017.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundni ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albersdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@365.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@365.is, s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Ruth Bergsdóttir, ruth@365.is, s. 512 5095,

Byggjum upp og viðhöldum sterkum beinum

Fyrstu 30 ár ævinnar byggjum við upp beinin og því afar mikilvægt að við fáum alltaf þau næringar- og bætiefni sem þarf til að gera beinin sterk.

